

8. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 1. febrúar kl. 17:00 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Guðmundur H. Hjartarson og Sif Matthíasdóttir boðuðu forföll.

1. Framhald umræðu

Í ljósi þess að sveitarfélögin eru nú þegar í miklu samstarfi í skipulags- og byggingarmálum þá er, að mati nefndarinnar, ekki að sjá að sameining sveitarfélaganna hefði í för með sér miklar breytingar. Mögulegar breytingar snúa þá helst að einföldun í umsýslu, samræmingu á aðalskipulagi, aukið aðgengi íbúa Helgafellssveitar að rafrænni þjónustu (rafrænni byggingargátt sem Stykkishólmsbær hefur starfrækt hjá sér) og aðgengi að gámapjónustunni til jafns við íbúa Stykkishólmsbæjar.

Framhald umræðu um framkvæmdir. Að mati nefndarinnar þarf að bregðast við húsnæðisvanda grunnskólans og þær framkvæmdir verði unnar í skrefum í samráði við nýja sveitarstjórn, verði sameiningin samþykkt. Með sameiningu sveitarfélaganna skapast svigrúm til að flýta þeim fjárfestingum. Nefndin er jákvæð gagnvart Eyrbyggjusetri og leggur til að nauðsynlegar endurbætur fari fram á gamla húsnæði Skjaldar en svo verður það nýrrar sveitarstjórnar að ákveða næstu skref hvað varðar nýtingu á húsnæðinu og frekari endurbætur.

Umræða um dreifbýlisráð/sveitaráð og verkefni ráðsins. Samstarfsnefndin er sammála um að leggja til að ráðið verði starfrækt til 8 ára. Starfsfólk RR ráðgjafar munu klára að setja upp drög að samþykkt fyrir dreifbýlisráð/sveitaráð og senda á nefndarfólk.

2. Hagsmunagæsla gagnvart ríkinu

Framhald umræðu um hagsmunamál gagnvart ríkinu. RR fór yfir fyrirkomulag í öðrum verkefnum og hvernig er hægt að haga samtali við ríkið. Nefndin var sammála um að leggja áherslu á eftirfarandi verkefni til að byrja með:

- Heilbrigðismálin
 - fjarheilbrigðisþjónusta, bakdeildin og samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu.

- Samgöngumálin
 - Skógarstrandarvegur
 - Baldur
 - Héraðs- og tengivegir
 - Snjómokstur

Nefndarfólk mun skipta með sér verkum og hafa samband við þingmenn og ráðherra. Stefnt er að því að ná fundum með umhverfis- og samgöngunefnd og ráðherrum í lok febrúar/byrjun mars. Umræðu frestað til næsta fundar.

3. Kynningarmál

Stefnt er að því að kynningarbæklingur fari í dreifingu í byrjun mars og íbúafundir haldnir í báðum sveitarfélögum framhaldi af því.

4. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður 10. febrúar kl. 17. Framhald verður um hagsmunamál gagnvart ríkinu, Svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Vesturlandi verður gestur næsta fundar. Starfsfólk RR ráðgjafar mun senda drög að minnisblöðum málaflokka á nefndarfólk í lok vikunnar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:35. Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 10. febrúar kl. 17.